



Akureyrarbaer

Oddeyrarskóli leikskóladeild og lóð



Skilamat

Nóvember 2023

Efnisyfirlit

Markmið og undirbúningur.....	3
Hönnun.....	4
Oddeyrarskóli leikskóladeild.....	5
Hönnuðir og verktakar leikskóladeildar.....	5
Kostnaður.....	6
Lóð.....	7
Hönnuðir og verktakar lóðar.....	8
Kaup á leiktækjum.....	9
Kostnaður við lóð.....	9
Samantekt.....	9

Markmið og undirbúningur

Á fundi fræðslu- og lýðheilsuráðs þann 27. mars 2023 var tekið fyrir minnisblað vegna fjölgunar leikskólarýma á Akureyri. Óskað er eftir því við UMSA að farið verði í breytingar á húsnæði Síðuskóla og Oddeyrarskóla til að koma þar fyrir leikskóladeildum sem hægt væri að taka í notkun í ágúst 2023.

Um er að ræða rými í Oddeyrarskóla sem gæti rúmað 24 börn. Deildin yrði hluti lðavallar. Rýmið sem um ræðir er núna smíðastofa sem verður gerð upp í samráði við stjórnendur lðavallar og Oddeyrarskóla. Þar verður starfrækt deild fyrir yngstu börnin, það eru börn sem eru 12 – 24 mánaða, við innritun. Rýmið hefur sérinngang og bílastæði en gert verður útisvæði fyrir börnin sunnan megin við þá álmu. Um tímabundna lausn er að ræða og mun aðstaðan verða á forræði Oddeyrarskóla að 2-3 árum liðnum. Eins þarf að gera breytingar innanhúss í grunnskólanum til að koma til móts við breytingarnar.

Markmið að koma fyrir þrem deildum fyrir 12 -24 mánaða börn með aðstöðu fyrir starfsmenn og aðgengi að afmarkaðri lóð fyrir börnin. Byrjað var á hugmynda vinnu í lok mars 2023 að nýta stofur þar sem að smíða kennsla hefur verið til húsa , áhersla var að nýta húsnæði sem var til staðar en ekki í mikilli notkun og kominn á tíma í endurbótum húsnæðið er bjart með góðu aðgengi af jarðhæð. Eins að gera aðstöðu fyrir bílastæði á lóðinni.

Umræða á hönnunarstigi og óskir skóla m.a. um:

1. Þrjár deildir fyrir 12- 24 mánaða börn 24 börn
2. Aðstaða fyrir starfsfólk
3. Skipti aðstaða
4. Sér inngangur að norðan fyrir fataherbergi með aðstöðu fyrir börnin og starfsfólk
5. Afgirta lóð með sandkassa, rólum og rennibraut
6. Þvottaaðstöðu fyrir starfsemina
7. Breytingar innanhús í grunnskóla til að koma til móts við breytingarnar.
8. Breytingar á lóð vegna fjölgunar bílastæða með aðgengi úr bílastæði fyrir fatlaða að vestur inngang.

Hönnun

Um er að ræða endurnýja gömlu smíðastofunar í Oddeyrarskóla í leikskóla deildir endurnýja lóð og breytingu á bílastæði við Sólvelli. Svæðið sem unnið er með er um 120 fermetrar þrjár leikstofur, forstofa, skiptiaðstaða og undirbúnings, kaffi aðstaða . Girða þarf ákveðið svæði af fyrir leikskólabörnin. Svæði sunnan við bygginguna verður girt af og hlið sett á girðingu. Innan svæðisins verða ýmis leiktæki fyrir yngstu börnin svo sem sandkassi, gormatæki, borð, bekkir og fleira. Markmið er einnig að bæta umferðaröryggi við skólan byrjað var á að hanna gangstéttar og aðliggjandi götur horft var á að breyta þeim í vistgötur og gerðar aðgerðir til að draga úr hraða.

Breytingar sem voru gerðar á Oddeyrarskóla :

1. Á 1. hæð í vesturálmum er ungbarnaleikskóla komið fyrir í stað smíðastofu og í hluta gangs austan við smíðastofu. Í rýminu eru stúkaðar af þrjár leikstofur, auk skiptiaðstöðu, forstofu og kaffiaðstöðu starfsmanna.
2. Innihurð inni næstu kennslustofu austan við smíðastofu er lokað og sagað er fyrir nýrri innihurð austar í stofunni.
3. Einn gluggi á norðurúthlið vesturálmum og annar á vesturúthlið er síkkaður og komið er þar fyrir útihurðum.
4. Sunnan, norðan og vestan við vesturálmum er stúkuð af með 110 sm hárrí netgirðingu 230 m² útileiksvæði fyrir ungbarnaleikskólann.
5. Snyrting og starfsmannaaðstaða verður í suðausturhluta norðurálmum í stað snyrtinga fyrir drengi.
6. Þvottaaðstöðu fyrir leikskólann er komið fyrir inná snyrtingu fyrir fatlaða sunnan við íþróttahús skólans.

7. Fjarlægður er léttur innveggur á milli kennaraherbergis og sjoppu í norðvesturhluta norðurálmu og rýmið nýtt sem leikrými fyrir nemendur grunnskólans.

Kostnaðar áætlun fyrir breytingar á skóla var áætlaður 42 mkr viðauki upp á 26 mkr og 16 mkr greiddar af viðhaldi ársins 2023

Oddeyrarskóli leikskóladeild



Hönnuðir og verktakar leikskóladeildar

Verktakar og hönnuðir sem unnu að framkvæmdum við leikskóladeild sumarið 2024 voru eftirtaldir:

- Form – Hönnun
- Raftákn – Raflagnahönnun
- Efla – loftræstihönnun
- Örugg – brunahönnun
- Ák smíði – Húsasmíði
- Lagnastýring – Pípulagnir
- MSM – málning
- Viðar – dúklögn
- Blikkrás – loftræstikerfi
- Steypusögun Norðurlands – steypusögun
- Rafmenn- raflagnir
- Ölur – innréttingar og hurðir
- Hyrna ehf – gluggar og útihurðir

Kostnaður

Frumkostnaðaráætlun fyrir framkvæmdir á skóla, lóð, búnað og bifreiðastæðum

Verkliðir	Frumkostnaðar			
	áætlun kr	Viðauki	Viðhald	Búnaður
Endurbætur innahúss	41,850,000	25,625,000	16,225,000	
Lóð	18,184,800	18,184,800		
Bifreiðastæði	14,350,000	14,350,000		
Búnaður	14,800,000			14,800,000
Heildarkostnaður	89,184,800	58,159,800	16,225,000	14,800,000

Raunkostnaður við framkvæmdir á skóla , lóð , búnaði og bifreiðastæðum

Verkliður	Raunkostnaður kr	Viðauki	Viðhald	Búnaður
Endurbætur innanhús	59.902.037	25.625.000	16.255.000	
Lóð	12.393.541	18.184.000		
Bifreiðastæði	4.433.120	14.350.000		
Búnaður	5.713.133			14.800.000
Heildarkostnaður	82.441.831	58.159.000	16.255.000	14.800.000

Raunkostnaður í heild var nokkuð í takt við áætlun eða kr. 82 milljónir. Fræðslu- og lýðheilsuráð óskar eftir því við umhverfis- og mannvirkjaráð að framkvæmdirnar verði eignfærðar og samþykkir jafnhliða að bera lausafjárleigu vegna framkvæmdanna. Auk þess óskar fræðslu- og lýðheilsuráð að nýta mögulegt svigrúm í búnaðarsjóð umhverfis og mannvirkjasviðs fyrir stofnbúnaði við að setja upp leikskóladeildir í Síðuskóla og Oddeyrarskóla. Hluti af framkvæmdum var gjaldfærður sem viðhald eða um kr. 16 milljónir.


Lóð

Kostnaðar áætlun fyrir lóð og bílastæði var áætlaður 18-20 mkr.



Mynd 1; Útfærsla á lóð og skóla

Breytingar voru gerðar á hönnun lóðar sem var gerð árið 2022 við þessar breytingar var verið að hafa öryggi yngstu barna í forgangi, vinnslu lóðar var að skipt upp árið 2022 í þessa eftirfarandi áfanga. Verkinu er skipt upp í svæði 1-9 eins og kemur fram á yfirlitsmynd. Vorum við að vinna á svæði 7 og við bílastæði við Sólvallargötu



Mynd 2; Áfangaskipting á lóð

Sá **Finnur ehf** um að gera nýja bílastæðið við Sólvallgötu einnig sá Finnur ehf um að framlengja aðgengi fatlaða að vestur inngagni með að framlengja snjóbræðslu frá plani að skóla og hellulögn á milli skóla og bílastæðis

Á suður og suðvestur hluta lóðar eru leiktæki sem tilheyra yngra stiginu og er því nær skólanum afgirt með aðgengi beint úr forstofu suður fyrir hús

Hönnuðir og verktakar lóðar

Verktakar og hönnuðir sem unnu að framkvæmdum við svæði sumarið 2024 voru eftirtaldir:

- Form – Hönnun
- Lilium teikninstofa – lóðarhönnun
- Raftákn – Raflagnahönnun

- Garður og hönnun – Jarðvegsvinna.
- Leiktæki og sport – sáu um uppsetningu á girðingu, leiktækjum og yfirborðsefni.
- Rafmenn- Raflagnir
- Lagnastýring- Pípulagnir

Kaup á leiktækjum

Leiktæki, girðing og Play top yfirborðs efni var keypt af Leiktækjum og sport sem sá líka um uppsetningu og frágang. Listi yfir leiktæki sem voru valinn.

Sandkassi , 2 stk ungbarnarólur , gormatæki , bekkur og skynjunartæki

Kostnaður við lóð

Kostnaður lóðar og bílastæða er kominn í 16,8 mkr. Það sem er ólokið er frágangur við bílaplan eftir að saga niður hellur sem afmarkar svæðið fyrir bílastæði gangandi og stæði fyrir fatlaða það verður gert sumarið 2024 með málningu og hellum eins að gera gróður beð austan við bílastæði. Þeirri framkvæmd verður lokið vorið 2024.

Samantekt

Framkvæmda tími á þessu verki var mjög stuttur ekki var hægt að byrja af fullum krafti fyrir en eftir að skóla lauk vegna ónæðis við kennslu, unnið var allt sumarið og gengu framkvæmdir vel og var leikskóla deildir opnaðar á réttum tíma smá seinkun var á lóðar framkvæmd en var það bara nokkrir dagar og í dag eru allir mjög ánægðir með aðstöðu og framkvæmd. Framkvæmdir hófust á vordögum og lauk í byrjun september 2023.

Raunkostnaður í heild var nokkuð í takt við áætlun eða kr. 82 milljónir.